

ákveðist 4 kr., sbr. tilsk. 24. jan. 1838, 3. gr.
Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða
stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður,
þó svo, að sektin til landesjóðs sé 4 kr. Á-
frýjandinn, W. Ó. Breiðfjörð kaupmaður,
greiði stefnda, Oddi yfirréttarmálaflutnings-
manni Gíslasyni í málskostnað fyrir yfirdómi
30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8-
vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri að-
för að lögum.

Nr. 36/1902:

Skafti Jósefsson

gegn

Stefáni Th. Jónssyni fyrir hönd
Sömme & Wathne í Stafangri.

D ó m u r:

Hinn stefndi, kaupmaður á Seyðisfirði Stefán
Th. Jónsson höfðaði mál þetta í héraði í umboði
verzlunarfélagsins Sömme & Wathne í Stafangri í
Noregi gegn áfrýjandanum Skafta ritstjóra Jósefs-
syni á Seyðisfirði, til skila og greiðslu á fé, er
hann hafði innheimt fyrir téð verzlunarfélag árin
1892 og 1893, og var málið dæmt í aukarétti
Seyðisfjardarkaupstaðar 25. ágúst 1902 með þeim
úrslitum, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða.

stefnda fyrir hönd verzlunarfélagsins 500 krónur með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 19. febr. 1902 til borgunardags og 40 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir Skafti Jósefsson skotið til yfirdómsins með stefnu dagsettri 6. desbr. f. á., og krafist þess, að dóminum verði hrundið, þannig að málinu verði vísað frá meðferð aukaréttarins, eða til vara, að hin ídæmda upphæð verði færð niður um 430 kr. og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Kröfu sína um frávísun málsins frá aukaréttinum og ómerking málsmeðferðarinnar þar byggir áfrýjandi á því, að þeir stefndi hafi fyrir nokkrum árum gert þá sætt með sér fyrir sáttanefnd í máli, út af meiðyrðum þeirra í milli, að þeir hétu því að flytja ekki mál hvor á móti öðrum persónulega og geti því stefndi ekki löglega flutt mál þetta. Slík skuldbinding af hálfu stefnda í öðru máli gæti þó ekki haft neina réttarfarslega þýðingu í þessu máli, úr því að stefndi eigi sinnir henni, og verður því málið eigi ómerkt fyrir þessa sök.

Að því er aðalefni málsins snertir, þá er það viðurkent af áfrýjanda, að hann hafi innheimt árin 1892—1893 fyrir verzlunarfélagið Sömme & Wathne í Stafangri skuld, er það átti hjá manni einum hér á landi, og tekið við upphæð skuldarinnar, 770 kr., og sömuleiðis að hann hafi ekki

skilað félaginu af þessari upphæð meiru en 140 kr. En hann hefir lagt fram sundurliðaðan reikning í málinu þýfir kostnað við ferðalög, er innheimtan hafi orsakað, og nemur kostnaðurinn samkvæmt reikningnum 360 kr., sem hann ásamt innheimtulaununum, er hann telur sér 200 kr. og fyrnefndum 140 kr. krefst að dregnar séu frá skuldarupphæðinni, er hann átti að standa skil á. Heldur hann því þess vegna fram, að dómskuldin verði færð niður um 430 kr., eða niður í 70 kr. Stefndi hefir aftur á móti haldið því fram, að reikningur áfrýjanda yfir kostnað hans og ómök við innheimtuna sé í hverju einstöku atriði og í heild sinni tómur ósannur uppspuni og tilbuningur, og hafi áfrýjandi ekki haft annað fyrir innheimtunni en að fara eina ferð til Norðfjarðar, þegar skuldunautur sættist fyrir gestarétti á að borga skuldina. Áfrýjandi hefir gegn þessum mótmælum ekki einu sinni reynt að færa sönnur á, að skýrsla hans um kostnað af innheimtunni og fyrirhöfn við hana sé rétt, og verður því ekkert tillit tekið til hennar frekara en stefndi hefir viðurkent. Og þegar tekið er tillit til vegalengdarinnar frá Seyðisfirði til Norðfjarðar og tíðkanlegra innheimtulauna hér á landi, þykir upphæð sú, sem undirdómarinn hefir metið fyrir hvorttveggja, ferðakostnað og ómakslaun, fullhátt ákveðin 130 kr., og verður þá áfrýjandi að skyldast til að greiða stefnda hina innheimtu upphæð, 770 kr., að fráðreginni þessari upphæð og þeim 140 kr., er

hann hefir áður staðið skil á. Með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði hins áfrýjanda dóms, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum ber og áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákeðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Skafti ritstjóri Jósefsson greiði stefnda Stefáni Th. Jónssyni kaupmanni fyrir hönd Sömme & Wathne í Stafangri í málskostnað fyrir yfirdómi 40 krónur. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 31/1902:

Sigfús Sveinbjarnarson
 gegn
 L. A. Snorrasyni.

D ó m u r:

Í 25. tölublaði Vestra, sem út kom 26. apríl 1902, er birt auglýsing dagsett á Ísafirði 21. s. m. og undirskrifuð af stefndum L. A. Snorrasyni, svohljóðandi: »Almenningi tilkynnist hér með, að Sigfús Sveinbjörnsson, sem, því miður, um tíma í vetur veitti verzlun minni forstöðu, hefir ekki nokkurn hlut með hana að gera lengur, og lýsi eg hér með ógilda að öllu leyti fullmakt þá, er eg á sínum tíma gaf honum«.